

1860.
17. apríl.

15. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um fæstyrk til Flateyjar Framfarafélags.

Í fjárhagslögunum fyrir árið 1860, sem útkomu 31. fyrra mánaðar, er Flateyjar framfarafélagi, sem Ólafur prófastur Sivertsen og húsfrú hans stofnuðu árið 1833, veittur 200 dala styrkur, að eins einu sinni.

Þetta látum vér ekki hjá líða að tilkynna yður, herra stiptamtmaður og yður háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og auglýsingar fyrir hinum hlutaðeigandi, og getum vér um leið bréfs hëðan, dags. 13. október í fyrra.

18. apríl.

16. Bréf fjárhagsstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar, um rafsegulþráð milli Íslands, Færeyja og Grænlands.

Það lítur svo út eptir bréfi, sem hingað hefur komið frá innanríkisstjórninni, að dómsmálastjórnin sé í nokkrum vafa um, hvort enn megi álíta gilt leyfi það, er Tal. P. Shaffner, frá Kentucky í Bandafylkjum Vesturheims, var veitt 16. ágúst 1854, til að leggja og nota rafsegulþráð milli Norðurláfu og Vesturheims, sem gengi yfir Ísland, Færeyjar og Grænland. Fjárhagsstjórnin lætur því ekki hjá líða að lýsa því yfir, að leyfi það, sem nefnt er hér að framan, er framvegis í fullu gildi, þaræð Tal. P. Shaffner hefur fullnægt því, sem áskilið er í 10. grein leyfisbréfsins, og fengið stjórninni til varðveislu 100,000 dali. Þar á móti hefur Shaffner afsalað nokkru af réttindum þeim, sem leyfisbréfið heimilar honum, til Croskey og Magnus í Lundúnum.

Í sumar er kemur á að gjöra út skip, til að rannsaka, hvort koma megi fram fyrirtæki þessu, og hefur fjárhagsstjórnin lofað að sjá svo til, að öll yfirvöld á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, sýni þeim, sem í sendiför þessari verða, allan þann velvilja, og veiti þeim alla þá hjálp, sem unnt er. Undir eins og fjárhagsstjórnin fær að vita, hvenær leiðangur þessi byrjar, mun hún aptur snúa sér til dómsmálastjórnarinnar um þetta,